

2011-  
2012

# Hvolsskóli, Rangárþingi eystra

*Gyða Björgvinsdóttir –  
formaður,  
Pálína Björk Jónsdóttir,  
Steinunn Arnardóttir  
og Sigurlín  
Sveinbjarnardóttir*

## **SJÁLFSMATSSKÝRSLA**

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
1. Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2011-2012 .....	2
2. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta .....	4
2.1. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8., og 10. bekkur .....	4
2.2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur .....	5
2.3. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna .....	7
2.4. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl. ....	8
3. Samræmd könnunarpróf haustið 2011 .....	10
4. Sérkennsla .....	11
5. Samstarf leik- og grunnskóla .....	14
6. Uppgjörsg dagar að vori .....	15
Læsi .....	16
Sjálfbærni .....	16
Heilbrigði og velferð .....	16
Lýðræði .....	17
Jafnrétti .....	17
Sköpun .....	18
Yngsta stig: .....	18
Miðstig: .....	18
Elsta stig: .....	19
Að lokum .....	20

## Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2011 – 2012 var skipaður Gyðu Björgvinsdóttur, formanni nefndarinnar, Pálinu Björk Jónsdóttur, Steinunni Arnardóttur og Sigurlín Sveinbjarnardóttur skólastjóra. Fundir voru haldnir á miðvikudögum, að meðaltali einu sinnu í mánuði. Samstarf hópsins gekk vel og studdist hópurinn við skýrslu síðasta skólaárs og vel gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Leitast var við að skipuleggja sjálfsmatið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins yrðu metnir, annað hvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Í sumum tilfellum nýtti Sjálfsmatshópurinn betrubætta spurningalista frá fyrra ári og í öðrum tilfellum samdi hópurinn nýja spurningalista.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta.

Áætlun sjálfsmats fyrir skólaárið 2012 – 2013 fylgir skýrslunni.

## 1. Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2011-2012

Tímaáætlun sjálfsmats 2011-2014

2011-2012	2012-2013	2013-2014	tími
	Tenglsakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tenglsakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	sept.
6., 8. og 10 árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6., 8. og 10 árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6., 8. og 10. árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	okt.-des.
Sérkennsla Innra skipulag og nýting	Námsmat, staða, aðferðir og fyrirkomulag	Sérkennsla Innra skipulag og nýting	nóv./des.

2011-2012	2012-2013	2013-2014	tími
Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	des.
Könnun í 2. og 4. árgangi mat nemenda á líðan í skóla	Könnun í 2. og 4. árgangi mat nemenda á líðan í skóla	Könnun í 2. og 4. árgangi mat nemenda á líðan í skóla	jan.
Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	jan .
Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða, o.fl.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	jan.
	Könnun er varðar „Uppeldi til ábyrgðar“.	Könnun er varðar „Uppeldi til ábyrgðar“.	jan.
Samstarf við leikskólann Þeir kennarar sem að samstarfinu koma svari spurningalista	Samstarf við leikskólann Þeir kennarar sem að samstarfinu koma svari spurningalista	Samstarf við leikskólann Þeir kennarar sem að samstarfinu koma svari spurningalista	mars/apríl.
	Skipulag náms á elsta stigi, nem., kenn., for.	Skipulag náms á miðstigi, nem., kenn., for.	apr.
Mat á skólastarfi skólastarfið 2011 - 2012 Kennarar, aðrir starfsmenn og fulltrúar úr skólaráði	Mat á skólastarfi skólaárið 2012 – 2013 M.a. verði farið í að skoða verkferlana er lúta að skólaskókn, skólareglum og aðgerðaráætlun gegn einelti Kennarar og aðrir starfsmenn	Mat á skólanámskrá skólaárið 2013 - 2014 Ný aðalnámskrá verði rædd m.t.t. þeirra nýju þátta sem þar er að finna, svo sem læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi	uppgjörsdagar í júní

Sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2011-2012 fór að mestu leyti fram eins og áætlun þar um gerði ráð fyrir. Niðurstöður liggja fyrir og verða raktar hér á eftir en þær voru í heildina jákvæðar. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2011-2012:

## 2. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta

### 2.1. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8., og 10. bekkur

Könnunin var lögð fyrir í desember 2011. Þátttakendur voru nánast allir nemendur í 6. bekk eða 93%, næstum allir í 8. bekk eða 90% en í 10. bekk var slök svörun eða 72,5%.

**Matstæki:** Rafrænn spurningalisti með 17 spurningum unninn af sjálfsmatshópi.

**Viðmið:** Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti sem er ekki liðið í Hvolsskóla.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta:** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

#### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- ➔ 97,9% nemenda segjast frekar sjaldan eða sjaldan verða fyrir stríðni í skólanum. Aðeins tveir nemendur segjast oft eða frekar oft verða fyrir stríðni. 87,7% nemenda telur að skólafélögum sé sjaldan eða frekar sjaldan strítt en það vekur athygli að 12,3% nemenda telur að skólafélögum sé oft eða frekar oft strítt. Aðeins einn nemandi segist taka þátt í að stríða skólafélögum en aðrir taka sjaldan eða aldrei þátt, þ.e. 98,5%.
- ➔ 83,1% nemenda tekur aldrei þátt í að meiða skólafélagana en 16,9 % nemenda taka frekar sjaldan þátt.
- ➔ 89,9% nemenda telja að nemendur skólans komi vel fram við hvern annan.
- ➔ 92,2% nemenda segja að starfsmenn skólans komi vel eða frekar vel fram við þá.
- ➔ 96,5% nemenda segja að starfsmenn skólans komi vel eða frekar vel fram við aðra nemendur.
- ➔ 89,4% nemenda segjast næstum alltaf eða frekar oft standa sig vel í skólanum.
- ➔ 92,4% nemenda finnst mikilvægt að standa sig vel í skólanum.
- ➔ 81,6% nemenda segjast vinna heimaverkefnin.
- ➔ 94% nemenda segjast eiga marga eða nokkra vini í skólanum.
- ➔ 96,9% nemenda segjast líða vel eða frekar vel í matsal skólans.
- ➔ 86,7% þeirra nemenda sem nota skólabíl líður vel eða frekar vel í skólabílnum.
- ➔ 96,9% nemenda segjast líða vel eða frekar vel í skólanum sem er mjög ánægjulegur viðsnúningur frá fyrra ári en þá voru 79.7% nemenda sem leið vel eða frekar vel.

### *Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta*

- 35,4% nemenda segjast stundum eða aldrei geta leitað til starfsmanna ef eitthvað er að.

Þetta hefur lítið batnað frá fyrra ári þó að úrbætur hafi verið kynntar þannig að betur má ef duga skal. Þetta verður að taka upp á samráðsfundum og vinna markvisst að því að nemendur upplifi að þeir geti leitað til starfsmanna ef eitthvað er að.

- 39,1% nemenda segist frekar sjaldan eða aldrei fá hrós ef þeir standa sig vel í skólanum.

Þetta þarf að vinna á markvissan hátt. Allir verða að taka sig á í þessum efnum, alltaf er hægt að finna eitthvað hrósvert hjá öllum. Bent hefur verið á að nemendur taka það ekki til sín ef heilum hópi er hrósað, þannig að starfsmenn þurfa að hrósa hverjum og einum nemanda.

- 57,5% nemenda segja að það sé frekar sjaldan eða aldrei góður vinnufriður í kennslustundum.

Það er langt frá því að vera ásættanlegt því hitti matsnefndin deildarstjóra skólans strax í febrúar og lagði til að tafarlaust yrði farið í aðgerðir til að bæta vinnufrið. Á starfsdegi 5. mars voru haldnir fundir með starfsmönnum stiga og staðan rædd.

Á miðstigi var ákveðið að vinna markvisst að bættum vinnufriði næstu daga í umsjónarstundum og í kjölfarið var rætt við foreldra á foreldradegi 9. mars.

En það verður að tryggja að nemendur upplifi vinnufrið í skólanum. Það er búið að ráða verkefnastjóra fyrir „Uppeldi til ábyrgðar“ næsta vetur og verður farið í vinnuna sem því tengist af fullum krafti strax næsta haust, þess er vænst að sú vinna skili sér m.a. í bættum vinnufriði. Ákveðið hefur verið að allir bekkir vinni í bekkjarsáttmálum sínum strax við skólabyrjun. Mikilvægt er að vinnufriður sé ræddur reglulega á stigsfundum og finna verður úrbætur ef starfsmenn og eða nemendur eru ekki ánægðir með þann vinnufrið sem er.

## **2.2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur**

**Matstæki:** Einföld könnun var lögð fyrir í janúar 2012. 41 nemandi af 44 svöruðu eða 93%.

**Viðmið:** Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti sem er ekki liðið í Hvolsskóla.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta.** Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum.

*Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- 90% nemenda segja að þeim finnist gaman í skólanum. Hlutfallslega eru fleiri í 2. bekk en 4. bekk sem lýsa ánægju sinni með skólann.
- 95,2% nemenda líður vel í bekknum sínum.
- 97,5% nemenda segja kennarann sinn koma vel fram við sig.
- 100% nemenda finnst rétt að hlýða kennaranum sínum.
- 95% nemenda líður vel eða ágætlega í frímínútum.
- 95% nemenda segjast líða vel eða ágætlega þegar þeir fara í skólann.
- 95,1 %nemenda segist eiga vini í skólanum.
- 97,4% nemenda segjast líða vel í matsalnum.

*Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta*

- 65,8% nemenda segjast stundum verða fyrir stríðni í skólanum.

Hlutfallið hefur hækkað á milli ára þrátt fyrir að bent hafi verið á þetta á síðasta ári. Þetta er ekki ásættanlegt og þarf að bæta. Athygli vekur að aðeins 14,6% nemenda segjast taka þátt í að stríða félögum sínum.

- 31,7 % nemenda telja að ekki sé vinnufriður í bekknum.

Þetta er óásættanlegt því fór matsnefndin fram á fund með deildastjóra yngsta stigs að gera eitthvað strax í málinu og í framhaldi var samráðsfundur á yngsta stigi þar sem ákveðnar voru leiðir til úrbóta. M.a. að ræða við nemendur í krók, fara yfir reglurnar um vinnufrið og herða rammann. Einnig var farið yfir hvað starfsmenn geta gert til að tryggja betri vinnufrið, hafa öll gögn við hendina, minnka ráp og hafa verkefni fyrir nemendur á morgnanna áður en skóli byrjar til að skapa ró á svæðinu. Einnig var farið í „naflaskoðun“ á vinnufundi 21. mars og á fundi 25. apríl var rætt um hvernig til hefur tekist. Það þarf að halda áfram á sömu braut og vinna í þessum málum áfram. Einnig er þess vænst að sú vinna sem framundan er varðandi „Uppeldi til ábyrgðar“ eigi eftir að hjálpa til við að skapa betri vinnufrið.

- Skoðað er sérstaklega að þrjú börn segja að þeim líði illa í skólabílnum. Þetta var nafnlaus könnun og fjallað er um þetta á almennum nótum.
- Þrjú börn segja að þeim líði illa í Skólaskjólínu. Þetta var nafnlaus könnun og fjallað er um þetta á almennum nótum.

### 2.3. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna

Könnun var lögð fyrir foreldra á foreldradegi í skólanum 11. janúar 2012 og var svörunin 82,9% sem er ánægjulegt. Í fyrra var svörun foreldra eða forráðamanna rétt tæp 50% Ákveðið var að kynna þessa könnun vel með tölvupósti fyrir foreldradaginn, 11.1.2012, þar sem foreldrar/forráðamenn voru beðnir um að gefa sér tíma til að svara. Stuðningsfulltrúar sáu svo til þess á sjálfan foreldradaginn að minna foreldra og forráðamenn aftur á mikilvægi könnunarinnar.

**Matstæki:** Rafrænn spurningalisti sem sjálfsmatshópur samdi.

**Viðmið:** Ásæt看legt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta.** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

#### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- 94,9% foreldra sögðu að barninu liði vel eða frekar vel í skólanum. Hér er um að ræða hækkun frá fyrra ári þar sem 93,3% foreldra voru þeirrar skoðunar í fyrra.
- 92,8% foreldra segjast alltaf eða oftast vita hvaða kröfur skólinn geri til barna þeirra.
- 94,8% foreldra eru alltaf eða oftast sammála því að skólinn hvetji barn þeirra til að ná góðum námsárangri. Í fyrra voru 98,15% foreldra þeirrar skoðunar.
- 87,5% foreldra segjast alltaf eða oftast taka virkan þátt í námi barna þeirra.
- 88,5% foreldra segjast alltaf eða oftast hafa yfirsýn yfir nám barnsins.
- 98% foreldra telja umsjónarkennarann hafa góða eða frekar góða yfirsýn yfir þarfir barnsins.
- 86,5% foreldra telja að það sé alltaf eða oftast vinnufriður í bekknum. Í fyrra voru 80% foreldra þeirrar skoðunar.
- Eins og í fyrra svara allir foreldrar því að þeim finnist þeir alltaf eða oftast vera velkomnir í skólann.
- Allir foreldrar svara því að þeim finnist samstarf sitt við skólann í tengslum við nám barnsins ganga vel eða frekar vel.
- 95,9% foreldra telja skólann alltaf eða oftast taka tillit til óska þeirra og athugasemda.
- Allir foreldrar telja kennara barnsins alltaf eða oftast leggja metnað sinn í að kennslan sé góð. Í fyrra voru 99% foreldra þeirrar skoðunar.
- 99% foreldra treysta starfsmönnum skólans vel eða frekar vel. Í fyrra voru allir foreldrar þeirrar skoðunar.
- 87,4% foreldra eru þeirrar skoðunar að skólinn geti alltaf eða oftast ráðið fram úr þeim eineltismálum sem upp gætu komið.
- 97,9% foreldra eru sammála því eða frekar sammála að starfsmenn skólans komi fram við barnið af virðingu.



- 95,8% foreldra er sammála eða frekar sammála því að skólinn njóti virðingar í samfélaginu. 97,5% foreldra voru þeirrar skoðunar í fyrri.
- 99% foreldra telja að nemendur fái alltaf eða oftast hvatningu í skólanum.
- Allir foreldrar segjast vera meðvitaðir um sína ábyrgð í námi barnsins.
- 97,8% foreldra segjast vera ánægðir með skólabílana.
- 87,6% foreldra segjast líka vel eða frekar vel við styttingu skólaársins í 170 daga úr 180 dögum.

#### *Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta*

- 36,1% foreldra segist sjaldan eða aldrei taka virkan þátt í foreldrastarfi skólans.

Hér veltum við fyrir okkur hvort spurningin sé nógu skýr. Hvað er í raun átt við með foreldrasamstarfi? Það er ekki víst að allir foreldrar skilgreini foreldrastarf með sama hætti.

- 26,3% foreldra telja að einelti eigi sér stað í skólanum.

Strax var farið í miklar umræður varðandi einelti og unnið var að gerð nýrrar aðgerðaráætlunar gegn einelti í Hvolsskóla. Við veltum fyrir okkur hvort spurningin geti verið gölluð. Þetta skýtur svolítið skökku við þar sem 94,9% foreldra telja samt sem áður að barninu þeirra líði vel í skólanum. Gæti t.d. verið að hér séu margir foreldrar í raun að tala um sama barnið. E.t.v. væri réttara að spyrja: Telur þú að barnið þitt sé lagt í einelti?

- 25,6% foreldra eru óánægðir með mötuneyti skólans.

Verið er að undirbúa skipulagsbreytingar varðandi mötuneyti skólans. Kokkurinn á leikskólanum Örk mun á næsta skólaári elda hádegismat bæði fyrir skólann og leikskólann. Hann mun elda á leikskólanum og maturinn verður svo fluttur í skólann. Í skólanum munu starfsmenn eldhússins sjá um að bera matinn fram og skammta. Er þetta fyrirkomulag til reynslu í eitt ár.

#### **2.4. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.**

**Matstæki:** Rafræn könnun lögð fyrir á starfsdegi 4. janúar. 2012.

**Viðmið:** Ásætтанlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta:** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta. 45 af 53 starfsmönnum skólans svöruðu könnuninni.

### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- 91% starfsmanna segja að starfsandinn í skólanum sé góður eða frekar góður.
- 93% starfsmanna segja vinnuáðstöðu góða eða frekar góða.
- 93% starfsmanna segja samstarf sitt við stjórnendur gott eða frekar gott.
- Allir starfsmenn eiga gott eða frekar gott samstarf við vinnufélagana.
- Allir starfsmenn eru ánægðir með starfsmannafélagið.
- Öllum starfsmönnum finnst morgunkaffið gott eða frekar gott. (Aðeins þeir sem eru skráðir í morgunkaffi svöruðu þessari spurningu).
- 93% starfsmanna telja að þeim gangi vel eða frekar vel að halda uppi aga.

### *Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta*

- 38% starfsmanna telja vinnuálagið í skólanum mikið.

Enginn taldi vinnuálagið vera of mikið. Æskilegt er að skipulag sé rætt á stigsfundum til að álagið verði jafnara. Einnig eru starfsmannaviðtöl vettvangur til að koma skoðun sinni á framfæri eða ræða við stjórnendur á öðrum tíma.

- 24% starfsmanna telja að frekar illa eða illa sé tekið á agamálum.

Verið er að innleiða „Uppeldi til ábyrgðar“. Stofnaður verður vinnuhópur til að stýra og halda utan um þá vinnu og þar verður verkefnastjóri í hlutastarfi.

- 27% starfsmanna finnst mötuneytið frekar slæmt eða slæmt. (Aðeins þeir sem eru skráðir í mat svöruðu þessari spurningu).

(Sjá úrbætur í foreldrakönnuninni er lúta að mötuneytinu).

### Annað sem kom fram í starfsmannakönnuninni:

Meirihlutinn er ánægður með 170 daga skólaár í stað 180 daga. Þó komu fram áhyggjur um hvort sparnaðurinn lendi eingöngu á starfsfólki í Foss. Einnig voru áhyggjur uppi um hvort við værum að flýta okkur um of með þessari samþjöppun og hvort það gæti skapað auka álag á börnin.

### 3. Samræmd könnunarpróf haustið 2011

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í september eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk en í íslensku, stærðfræði og ensku í 10. bekk.

**Matstæki:** Próf send frá Námsmatsstofnun.

**Viðmið:** Að árangur nemenda Hvolsskóla sé yfir meðaltali á Suðurlandi og nái helst meðaltali fyrir landið allt í öllum greinum.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta:** Mest er unnið með niðurstöður einstaklingslega og er skipulag kennslu í skólanum í fámennari hópum og með mikla mönnun vel til þess fallin að sinna því. Hér á eftir verða sýnd meðaltöl normaldreifðra einkunna á Suðurlandi og meðaltöl Hvolsskóla í þessum greinum en landsmeðaltalið er alltaf 30.

#### 4. bekkur; Landsmeðaltal er 30

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 29,0 og í stærðfræði 30,2.

- Meðaltal Hvolsskóla í íslensku var 28,2 og í stærðfræði 23,5 (lægst á landinu). Þetta er ekki ásættanlegur árangur miðað við viðmið Hvolsskóla, einkum í stærðfræði. Rifja þarf upp og vinna mikið út frá einstökum þáttum prófanna.

#### 7. bekkur; Landsmeðaltal er 30

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 28,0 og í stærðfræði 29,0.

- Meðaltal Hvolsskóla í íslensku var 30,7
  - Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði var 28,1
- Í íslenskunni var Hvolsskóli bæði yfir Lands- og Suðurlandsmeðaltali. Sú var ekki raunin með stærðfræðina og þar þarf því að rifja upp og vinna mikið út frá einstökum þáttum prófanna.

#### 10. bekkur; Landsmeðaltal er 30

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 28,4, í stærðfræði 28,0 og í ensku 27,9.

- Meðaltal Hvolsskóla í íslensku var 29,8.
  - Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði var 31,5.
  - Meðaltal Hvolsskóla í ensku var 26,3.
- Niðurstöður í íslensku og stærðfræði eru glæsilegar, vel yfir Suðurlandsmeðaltali og meðaltalið í stærðfræði er líka vel yfir landsmeðaltali. Í enskunni er Hvolsskóli hins vegar töluvert undir Suðurlandsmeðaltalinu og þar er því þörf á upprifjun og vinnu út frá einstökum þáttum prófanna.

## 4. Sérkennsla

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla hélt fund með sérkennurum og deildarstjórum skólans. Þar var farið yfir fyrirframgerðar spurningar og svörin rituð niður. Hér birtast helstu niðurstöður en í fundargerð þessa fundar má sjá nánari útlistun.

Allir voru sammála um að það mætti vera meiri sérkennsla. Alltaf er þetta þó spurning um tíma og peninga. Sérkennarar vildu gjarnan fá meiri tíma fyrir suma nemendur.

Allir nemendur sem fá sérkennslu við Hvolsskóla hafa einstaklingsnámskrár og eru þær á ábyrgð umsjónarkennara, deildarstjóra, sérkennara og foreldra, umsjónarkennarinn ber þó höfuðábyrgðina. Það er ekki algjört skilyrði að nemendur hafi greiningar til þess að fá sérkennslu. Á bæði miðstigi og elsta stigi eru í lang flestum tilvikum greiningar sem liggja að baki þeim nemendum sem fá sérkennslu.

Fari barn í greiningu þarf að mynda teymi utan um það. Teymisfundirnir eru eftirfylgnin og þar er m.a. farið yfir einstaklingsnámskrárnar, fylgst er með hvort markmiðum hafi verið náð og ný markmið eru sett. Dæmi eru um að nemendur með greiningar hafi ekki teymi í kringum sig og er þá yfirleitt val foreldra.

Tímakvóti sérkennslu eru 0,25 stundir á nemanda sem eru 60 tímar, 2,5 stöðugildi. Spurning hvernig sérkennarar nýtist og hvort mögulega sé verið að dreifa þeim of mikið út um allt. Það fer þó mjög mikið eftir því hvernig skipulagið er. Íþróttakennarar eru m.a. með sérkennslu. Þessir 60 tímar eru vel nýttir. Við fullnægjum viðmiðunarstundatöflu, eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir.

## Lestur

Lestur er megin viðfangsefni sérkennslunnar. Mikil og góð vinna er í gangi hvað lesturinn varðar. Nemendur á yngsta- og miðstigi eru prófaðir á u.þ.b. 6 vikna fresti eða tvisvar á önn að lágmarki og hver nemandi hefur lestrarferil á bak við sig. Þegar sést að nemandi nær ekki lestrarviðmiðum skólans er fylgst vel með honum og ef ástæða þykir til er nemandinn sendur í lestrargreiningu. Þar kemur í ljós hver vandinn er og þá getur sérkennari hafist handa við að vinna með nemandann. Þegar nemendur hafa náð viðmiðum í lestri er sérkennsla í sumum tilfellum hætt og er það þá metið á teymisfundum. En fylgjast þarf gaumgæfilega með og vel getur verið að þessir nemendur komi e.t.v. aftur inn í sérkennsluna. Nemendur í sérkennslu á yngsta stigi eru oft teknir í skorpuvinnu, t.d. er þá um sérkennslu í 6 vikur að ræða og svo hvílast hvílast nemendur í nokkrar vikur og fá svo aftur sérkennslu. Sumir nemendur þurfa nauðsynlega hvíld frá sérkennslunni. Sérkennari setur sér markmið og hvílir svo börnin þegar þau hafa náð markmiðunum, síðan eru ný markmið sett. Nauðsynlegt er að geta rökstutt sérkennsluna, hver er vandinn og af hverju þjónustan er veitt. Miklu líklegra að hægt sé að útskrifa nemendur úr sérkennslu á yngsta stigi en á miðstigi eða elsta stigi. Þegar gripið er strax inn í er hægt að stoppa í götin. Í mörgum tilfellum er sérkennsla þó aldrei alveg hætt. Á miðstigi eru

sérkennslunemendur í minni kennsluhópum í lestri og ritun. Nýtt lestrarmat hefur verið tekið upp í 7. bekk þar sem mældir eru sér þættir í lestrarferlinu og niðurstöður notaðar til úrbóta fyrir hvern einstakling. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk eru sumir hverjir enn í sérkennslu í lestri. Það eru síur í skólanum, til að sjá hvort einhverjir skera sig úr til þess að finna þá sem eiga við lestrarörðugleika að stríða, þöglu börnin komast þá ekki undan. Leið til læsis og Orðarún og GRP14 skimunarpróf í 9. bekk eru dæmi um síur. Nauðsynlegt er að allir séu vakandi yfir því ef engar framfarir verða. Það þarf að meta lesturinn miklu betur en bara með hraðlestrarprófum, barn sem getur lesið hratt gæti átt við heilmikinn lesskilningsvanda að stríða. Upplýsa þarf börnin um sín frávík og sína fötlun.

**Úrbætur:** Viðmiðin í lestri eru komin í lestrarstefnu yngsta stigs Hvolsskóla, enda eiga lestrarviðmiðin að vera aðgengileg öllum. Æskilegt væri að hafa lestrarstefnu fyrir allan skólann með viðmiðum. Mikilvægt er að notast við þær síur sem til eru og kanna lesturinn með fjölbreyttum hætti.

### **Stærðfræði**

Í stærðfræði hefur skólinn ekki sett sér viðmið, en þegar það sést að nemendur ná engum framförum er Talnalykillinn lagður fyrir þau. Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk eru mikilvæg viðmið.

**Úrbætur:** Nauðsynlegt er að nýta sér Talnalykilinn eins og frekast er unnt. Hægt er að nýta hann markvissari, ekki bara þegar sést að nemendur nái engum framförum. Eins þarf að rýna í niðurstöður samræmdra prófa. Þar er hægt að skoða veikleika nemenda einstaklingslega og aðlaga síðan námsefnið að þörfum hvers og eins.

### **Talkennsla**

Þeir nemendur sem hafa t.d. framburðargalla, stama, eða hafa málþroskaraskanir fá ekki talkennslu í skólanum. Það er ekki skólans að veita þessa þjónustu. Skólinn getur hins vegar stuðlað að því að nemendur fái greiningar á þessum sviðum. Talmeinafræðingar veita foreldrum og kennurum ráðleggingar varðandi áframhaldandi vinnu með barnið. Foreldrar þurfa svo að sinna því að fara með börnin sín í talþjálfun til þess að láta laga framburðargalla.

**Úrbætur:** Benda þarf foreldrum á að leita sér aðstoðarinnar. Það þarf að vera meira á hreinu að skólinn geti séð til þess að nemendur fái greiningu, en skólinn veitir ekki þjónustu við framburðar- og talgalla. Í raun ættu þessar upplýsingar að vera sýnilegar foreldrum og forráðamönnum. Slíkar upplýsingar ættu e.t.v. að vera að finna á heimasíðu skólans.

## **Samræmd könnunarpróf**

Rætt var um hvernig gripið er inn í ef samræmd könnunarpróf koma ekki vel út hjá einstaklingi í einhverjum þáttum og hvort einungis sé gripið inn í ef heill bekkur kemur illa út.

**Úrbætur:** Gera verður úrbótaáætlun ef próf koma illa út. Það er á ábyrgð umsjónarkennarans eða faggreinakennarans að vinna eftir niðurstöðum könnunarprófanna.

## **Hreyfigeta, fín- og grófhreyfingar**

Grófhreyfingar: Mot hreyfiþroskapróf fyrir 4 – 6 ára börn er skimunarpróf sem lagt er fyrir í leikskóla og að hausti í 1. bekk og þar metur íþróttakennari hvort nemendur þurfa á auka hreyfingu að halda.

Fínhreyfingar: Ef áhyggjur eru uppi varðandi fínhreyfingar barna er haft samband við iðjuþjálfna sem leiðbeinir þeim sem að barninu koma. Einnig hafa börn sem eiga í erfiðleikum með fínhreyfingar fengið sérkennslu hjá smíðakennara.

## **Hegðunarbrot**

Verið er að vinna heilmikla vinnu innan skólans um reglur, viðmið og skýr mörk. Þessi vinna er unnin með tilliti til „Uppeldis til ábyrgðar“ og að auki eru skólareglur hafðar í huga. Lög og reglugerðir eru skoðaðar og mikið stuðst við slíkt.

**Úrbætur:** Foreldrar ættu að vera betur upplýstir varðandi reglur og viðmið skólans. Skilgreina þarf betur hvað er átt við með ásættanlegri og óásættanlegri hegðun. Að auki var rætt um hvort e.t.v. sé höfðað meira til eldri nemenda í sérstökum reglum o.s.frv. Mörkin þurfa að vera skýrari hvað varðar yngri nemendur. Finna úrræði svo einstaka nemendur trufla ekki heila bekk.

## **Nemendur með miklar sérþarfir**

Nemendur með miklar sérþarfir eru á endanum á ábyrgð deildarstjóra, þ.e. ytri rammi og yfirumsjónin er hans. Það er þó alltaf umsjónarkennarans að hafa umsjón með nemandanum. Nauðsynlegt er að umsjónarkennarinn hafi góð tengsl við nemandann og að hann varpi ábyrgðinni ekki yfir á þá sem sinna nemandanum dags daglega. Árangursmælingar á vinnunni fara svo fram á teymisfundum sem haldnir eru þrisvar til fjórum sinnum yfir veturinn. Félagsþjónustan er skólanum innan handar og leiðbeinir þeim sem að nemandanum koma, þ.e. hvernig megi þjónusta nemandann sem best. Segja má að fulltrúar hjá félagsþjónustunni séu talsmenn nemenda með miklar sérþarfir.

Umræður spunnust um hvort þroskaþjálfar ættu í sumum tilfellum að taka meira ábyrgð á nemendum með miklar sérþarfir en umsjónarkennarinn.

Ekki var talin hætta á því að nemendur falli á milli og gleymist, þar sem utanumhald á teymisfundum er gott.

### **Afburðanemendur**

Afburðanemendum er boðið upp á að taka framhaldsskólaáfanga. Það þarf þó að vinna í skipulögðu ferli og þarf að sækja um það með ákveðnum fyrirvara. Til þess að nemandi geti tekið framhaldsskólaáfanga, þarf hann af fá 8,5 í áföngum hér við Hvolsskóla. Með einstaklingsmiðuninni er séð til þess að hver og einn fái námsefni við sitt hæfi.

### **Nemendur með annað móðurmál en íslensku**

Ákveðnar reglur gilda um nemendur með annað móðurmál en íslensku. Nemendur geta verið nýbúar í þrjú ár og fengið sérkennslu í íslensku í þann tíma. Reynt er að koma til móts við nemendur af erlendu bergi brotnu, en þeir fá ekki kennslu í sínu móðurmáli við skólann. Þeir sem eru norskir eða sænskir haft kost á því að læra sín móðurmál í stað dönskunnar.

### **Úrbætur**

Ljóst er að það þarf að marka stefnu skólans í sérkennslumálum. Haft var á orði að nauðsynlegt þætti að halda fundi á meðal sérkennara. Aðstaða til sérkennslu þykir sérstaklega góð á yngsta stigi. Umræður spunnust um námsver fyrir sérkennsluna og æskilegra þykir að hafa námsver fyrir þá nemendur sem ekki geta stjórnað sér, frekar en að senda þá nemendur í stjórnendaálmuna. Námsverið þyrfti að vera mannað af kennara.

Það þarf að vera samræmi á milli þess sem sérkennarar og umsjónarkennarar vinna með nemendum. Þegar kemur að prófum er nauðsynlegt að taka mið af einstaklingsnámskrám og þeirri vinnu sem sérkennarar hafa unnið með nemendum. Prófin verða að samræmast markmiðum nemendanna.

## **5. Samstarf leik- og grunnskóla**

Til þess að fara ofan í kjölinn á samstarfi leik- og grunnskólans, ákvað Sjálfsmatsnefndin að senda spurningalista á þá leik- og grunnskólakennara sem að samstarfinu komu.

Um var að ræða spurningalista með 8 spurningum.

Allir sem að samstarfinu koma eru sammála um að heimsóknirnar hafi gengið vel og að mikilvægt sé að halda þeim áfram. Flestir voru sammála um að fjöldi heimsóknanna hefði verið góður, en leikskólabörnin komu tíu sinnum í heimsókn í Hvolsskóla á vormisserinu. Flestum þótti fjöldi barnanna í hverjum hóp fyrir sig einnig vera hæfilegur, einhverjir höfðu orð á því að fjöldinn mætti alls ekki fara yfir í mesta lagi 9 – 10 börn, á meðan aðrir sögðu að líklega hefði verið í lagi að hafa 12 börn í hóp þar sem yfirleitt alltaf vantaði einhverja. Leikskólahóparnir voru 5 og voru 9 – 10 börn í hverjum hóp.

Mikilvægt þykir að vanda vel til verks þegar tímasetningar eru fundnar fyrir leikskólaheimsóknirnar. Ekki voru allir sammála um hvort þær tímasetningar sem valdar voru þetta árið væru hentugar til leikskólaheimsókna. Flestir voru þó sammála um að mánudagarnir (kl. 11 – 12) hentuðu ekki vel þar sem leikskólabörnin kæmu í heimsókn strax á eftir íþróttatímum nemenda í 1. bekk. Þessir tímar nýttust ekki eins vel og tímarnir á miðvikudögum. Nemendur 1. bekkjar voru sumir hverjir mjög lengi að skila sér úr íþróttahúsinu og skertist því tíminn alltaf og ekki reyndist unnt að byrja á réttum tíma. Enn öðrum þótti óhentugt að leikskólaheimsóknirnar væru í morgunlotum 1. bekkjar á miðvikudögum (kl. 9 – 10:30). Ábending kom um hvort mögulega væri betra að hafa alltaf sama daginn og sömu tímasetninguna undir fyrir leikskólaheimsóknirnar.

Þegar kom að spurningunni hvort mælt væri með einhverjum breytingum varðandi leikskólaheimsóknirnar komu aftur fram hugmyndir um að breyta tímasetningum heimsóknanna. Ábending kom um að líklega hefðu leikskólabörnin meira gaman af þessu samstarfi en grunnskólanemendurnir. Að auki var minnst á að grunnskólanemendurnir hefðu átt að fara oftar í heimsókn á leikskólann.

Varðandi aðstöðuna í skólanum kom m.a. fram að fataklefinn þætti ekki hentugur fyrir leikskólabörnin og alls ekki þau sem eiga við athyglisvandamál að stríða. Að auki var minnst á þrengslin í matsalnum.

Í lok spurningalistans var þátttakendum boðið upp á að koma með ábendingar frá eigin brjósti, þar kom m.a. fram að mikil ánægja væri með samstarfið og að vonast væri eftir áframhaldandi góðu samstarfi. Minnst var á hversu vel undirbúin börnin í núverandi 1. bekk voru fyrir skólabyrjunina í haust, en e.t.v. væri hægt að undirbúa foreldra og forráðamenn betur. Rætt var um þá þörf að hafa meiri aga í matsalnum, en þar þótti sumum býsna mikil óreiða. Í því sambandi var minnst á að þeir borðsiðir sem börnunum á leikskólanum eru kenndir fari út um gluggan um leið og börnin hefja grunnskólagöngu sína.

## **6. Uppgjörsg dagar að vori**

Á haustþingi kennara haustið 2011 var ný aðalnámskrá kynnt og skólanámskrá samkvæmt henni á að vera komin í gagnid árið 2014. Í nýrri aðalnámskrá er sérstök áhersla lögð á 6 þætti



skólstarfsins. Á uppgjörsdögunum var rætt hvernig þessir 6 áhersluþættir birtust okkur í skólstarfi vetrarins. Starfsmönnum skólans var skipt í smærri hópa. Hópunum var skipt eftir stigum, tveir hópar frá yngsta stigi, tveir hópar frá miðstigi og tveir hópar frá elsta stigi. Auk þessara 6 áhersluþátta var rætt um skólstarfið almennt og verða umræðunum gerð skil hér.

Gögnin frá fundinum má nálgast hjá skólastjóra.

### **Læsi**

Ákveðin lestrarstefna hefur verið mótuð á yngsta stigi í tengslum við læsi. Hún fer vel af stað og er þess vænst að haldið verði áfram á sömu braut. Nemendur skólans eru prófaðir reglulega í lestri, unnið er með „Leið til læsis“, farið er í lestrarátök og sérkennsla er í lestri fyrir þá sem þess þurfa. Mikil eftirfylgni er með hverjum og einum nemenda. Rætt var um mikilvægi lestrarstundanna og mikill vilji er fyrir því að halda þeim inni í stundatöflum. Mikilvægt er að hafa foreldra með í samstarfi þannig að nemendur fái þann stuðning sem þeir þurfa. Góður árangur hefur náðst og áfram verður haldið að þróa þessa mikilvægu þætti.

Mikilvægt er að læra að lesa í umhverfi sitt á ýmsa vegu í daglegu lífi.

Áriðandi er að allir sem á þurfa að halda viti af og nýti sér Blindrabókasafnið.

Það mætti vinna meira með lesskilning, ritun og stafsetningu. Einnig þarf að gæta þess að gæðatextar séu lesnir fyrir nemendur.

Í sumum tilfellum vantar þó upp á heimalesturinn. Börn verða að lesa heima og það þarf að virkja foreldra með öllum ráðum.

### **Sjálfbærni**

Skólinn er Grænánaskóli sem skilar sér í hugsun og anda sjálfbærrar þróunar. Nemendur skólans eru meðvitaðir um eigið vistspor, þ.e. hvaða áhrif þeir geti haft á umhverfi sitt og samfélag. Ýmis verkefni eru unnin í nærsamfélaginu t.d. í tengslum við þemadaga sem ýta undir samfélagslega sjálfbærni og skilning.

Líklega mættum við vera enn duglegri við að endurnýta t.d. pappír og kynna betur, fyrir nemendum og foreldrum, það sem við erum að gera í skólanum samkvæmt Grænánaverkefninu. Umgengi við pappírskassana inni á stigum mætti vera betri og spurning er hvort mögulega þurfi að fjölga kössunum.

### **Heilbrigði og velferð**

Í Hvolsskóla hefur verið unnið að aðgerðaráætlun gegn einelti sem komast mun í gagnið strax næsta haust. Hún skýrir verkferla og auðveldar kennurum og öðrum starfsmönnum að bregðast við ef eineltismál koma upp.

Uppeldisstefnan „Uppeldis til ábyrgðar“ á að stuðla að jákvæðari sjálfsmynd, góðum samskiptum og andlegri vellíðan nemenda og starfsmanna.

Hjúkrunarfræðingur hefur fasta viðveru í skólann, m.a. með kynningar varðandi almennt hreinlæti, heilsu og svefn.

Hlutverk starfsfólks er m.a. að hvetja nemendur til heilbrigðs lífsstíls og þar er starfsfólk einnig

sterkar fyrirmyndir.

Hvað hreyfingu varðar er þeim nemendum sem þurfa á að halda boðið upp á auka hreyfingu. Einnig gerir samfellustarf börnum utan þéttbýlis auðveldara fyrir að stunda íþróttir eða tómstundir að einhverju tagi. Gott aðgengi að sundlaug og íþróttahúsi eru til fyrirmyndar í samfélaginu okkar.

Í mötuneyti skólans þarf að gæta þess að mannelðissjónarmiðum sé fylgt t.d. með því að skammta á diskana úr öllum fæðuflokkum, en nemendum er einmitt leiðbeint með fæðuval. Mikilvægt er að skólinn setji skýra stefnu varðandi gæði mötuneytisins t.d. hlutfall unninna matvæla gagnvart fersku hráefni.

Ávaxtastundirnar hvetja þar að auki til heilbrigðara mataræðis.

Til að tryggja velferð nemenda er einnig mikilvægt að muna eftir að hrósa nemendum hafi þeir unnið fyrir því.

Mun markvissara hefði mátt vinna að verkefni „Uppeldi til ábyrgðar“ í vetur í kjölfar námskeiða á haustönn t.d. með því að skipa verkefnisstjóra sem stýrði vinnunni áfram. Þetta horfir þó til betri vegar næsta vetur með áætluðum tímum fyrir sérstaka umsjón eða verkefnisstjórn.

Útikennsla í skóginum var í lágmarki í vetur, m.a. vegna ösku. Við mættum vera duglegri við að nota nærumhverfið okkar betur og hvetja til meiri útikennslu, sem fellur undir heilbrigði og velferð nemenda.

Það mætti huga að því að fjölga vöskum til handþvotta fyrir og eftir matmálstíma.

Svolítið er um hávaða og því þyrfti m.a. að bæta hljóðvistina.

## Lýðræði

Eldri nemendur taka virkan þátt í umhverfisnefnd og nemendaráði, en fulltrúar úr nemendaráði eiga rétt á setu í skólaráði.

Umsjónarstundir á morgnanna gera nemendum kleift að segja skoðanir sínar og segja frá atkvikum og viðburðum sem þeim liggja á hjarta.

Segja má að samfellustarfið sé dæmi um lýðræði, hér er margt í boði og kostnaði er haldið í lágmarki. Í Skjólí er líka ákveðið lýðræði og töluvert er um val.

Í kennslustundum hafa nemendur líka stundum val, t.d. hvað varðar áhugasviðsverkefni o.fl.

Með „Uppeldi til ábyrgðar“ erum við að stíga skref í átt að auknu lýðræði.

Mikilvægt er að ítreka samábyrgð heimils og skóla á námi barna t.d. með því að senda heim nýja reglugerð (1040/2011) um hlutverk þeirra sem að skólasamfélaginu koma.

Það þarf að skoða aukið lýðræði í kennslustundum og hvað varðar þemavikur og árshátíðir.

## Jafnrétti

Einstaklingsmiðað nám er liður í jafnrétti, þar sem nemendum er mætt á þeirra forsendum.

Nemendur hafa líka jafnan rétt til þjónustu Skólaskrifstofu Suðurlands og þar að auki er réttur nemenda til stoðþjónustu jafn, s.s. sérkennsla og auka hreyfing.

Ágætlega er komið til móts við nemendur með sérþarfir innan skólans, en gæta þarf að rétti annarra nemenda líka. Styðja þarf við skólastarfið með stuðningsfulltrúum og gera þarf

kennurum kleift að gefa öllum nemendum sömu þjónustu.

Hæfilegar hópastærðir eru taldar vera trygging fyrir jafnrétti nemenda.

Það þarf að skoða vel stöðu nemenda sem eru af erlendu bergi brotnir, það þarf að sjá til þess að þeir læri vel íslensku.

### **Sköpun**

Gæta þarf þess ávallt að rækta einstaklinginn, hans eigin hugarflug og sköpunarkraft. Hver kennari þarf að efla sjálfan sig í að rækta þann þátt í nemendum til að auðga listrænt eðli þeirra og viðhalda fjölbreytni í allri sköpun í öllum fögum, s.s. í íslensku, stærðfræði jafnt og í textíl, tónmennt, smíði og myndlist. Sköpun er í forgrunni í smiðjum skólans.

Ýmsir leikir s.s. námsleikir eru samofnir kennslunni og leitast er við að hafa vinnugleði að leiðarljósi.

Hringekjuformið býður upp á stöðvar þar sem nemendur geta unnið að skapandi viðfangsefnum.

Huga mætti að því að gefa kennurum kost á því að nýta tjáningartímana betur. Þar sem nemendur eru að koma úr smiðjum eða íþróttum hefst tíminn oft seint og nýtist illa. Með betri nýtingu væri hægt að nota ýmsar aðferðir eins og dans, leik og tónlist í meira mæli.

Tónmennt, þemadagar og árshátíðir stuðla líka að sköpun nemenda.

Annað sem fram kom á fundinum:

### **Yngsta stig:**

Almenn ánægja er með 170 daga skólaár.

Opið rými á yngsta stigi setur kennslunni ýmsar skorður og hentar illa þeim nemendum sem eiga við einhvers konar einbeitingarerfiðleika að stríða.

Mikið hefur verið rætt um að bæta þurfi umgengni í anddyrinu. Til þess að það geti orðið þarf að bæta aðtöðu þar fyrir nemendur til að hengja upp fötin sín.

Tryggja þarf að starfsmenn og börn í Skjólinu gangi vel um kennslustofur og gengið sé úr skugga um að kennslugögn séu á sínum stað að degi loknum.

Upplýsingaflæði og skipulag á öllum stigum mætti vera betra, t.d. hvað varðar kennara sem vinna á öllum stigum.

Smiðjuhópar hafa verið helst til stórir, t.d. er ekki vinnuaðstaða fyrir svona stóra hópa smíðastofu.

### **Miðstig:**

Smiðjuhópar hafa gengið vel en alltaf þarf að gæta vel að skiptingu í hópa. Það komu bæði fram ánægja og óánægja með að 5. bekkur hefur verið sér í smiðjum í vetur. Kosturinn við að hafa þau sér er að þau hafa verið í sértæku verkefni. En óskosturinn er að þau blandast nær ekkert við hina bekkina.

Komið hefur upp hugmynd um að bjóða upp á skák í frímínútum einu sinni í viku. Þeir sem vilja gætu þá skráð sig og verið inni að tefla undir eftirliti.

Í vetur hafa verið kaflapróf í samfélagsfræði í 6. og 7. bekk. Það hefur verið almenn ánægja með það þar sem það léttir álagið í kringum lokapróf. Þegar þetta fyrirkomulag er nýtt þarf að gera samræmt plan og senda til foreldra. Einnig þurfa kennarar að vera duglegir að senda tölvupóst til foreldra varðandi próf og annað.

Heimanám hefur gengið vel á miðstigi. Gott þegar nemendur vita hvað þeir eiga að gera yfir vikuna, þeir geta þá deilt því niður og skipulagt sig. Skjatti er gott tæki til að halda utan um hlutina með aðstoð kennara og foreldra.

Töluverð umræða var um samstarfið við tónlistarskólann. Það er ekki gott að nemandi sé alltaf tekinn úr sömu kennslustund til að stunda tónlistarnám. Það er ekki ásættanlegt að nemendur séu teknir úr kennslustund á öðrum tíma en það er skráð í án þess að foreldrar hafi beðið um leyfi. Börn sem að búa í sveit ættu að hafa forgang að fara í tónlistarskólann á skólatíma. Einnig þarf að passa að tónleikar komi ekki inn í lokapróf (jól/vor).

Það vantar að stuðningsfulltrúar hafi undirbúningstíma með umsjónakennara, þ.e. að undirbúningstími þeirra sé ekki eingöngu nýttur í samráðsfundi á stigi.

Vantar aðstöðu/lítill rými fyrir minni hópa. Mikið ónæði er af tónmenntastofunni þar sem hún hefur verið staðsett í vetur. Einnig er mikil truflun í 5.bekkjjar stofu af ganginum þar fyrir framan. Gott væri að loka á milli 6. og 7.bekkjjar og loka fyrir ofan hurðina á ganginum á miðstigi. Náttúrufræðistofan ætti eingöngu að vera fyrir náttúrufræði til að hægt sé að hafa hluti uppi við.

Mikil ánægja er með mönnun í gæslu á miðstigi. Einnig hefur komið vel út að hafa bekkjarskipt á fótboltavöllinn.

Ánægja var með þemadagana, bæði fyrir og eftir áramót.

Áhugi að halda dansi inni á vorönn.

Ábending til foreldra: Það er skólaskylda á Íslandi og skólinn verður alltaf að ganga fyrir. Að foreldrar hjálpi börnunum að velja sér tómstundir í samræmi við námið til að álagið verði ekki of mikið. Ábyrgð þess að velja og hafna er hjá foreldrum og forráðamönnum barnanna.

### **Elsta stig:**

Samstarf á elsta stigi hefur gengið vel, mjög gott að hafa 2 kennara um hverja grein.

Þarf að tengja betur á milli stiga og bæta upplýsingaflæði.

Umsjónarstundir þurfa að vera fyrst á morgni 3 daga vikunnar.

Lestrarstunda er saknað. Þær mættu vera 3 sinnum í viku, það skýtur skökku við bættu lestrarstefnu að fella niður lestrarstundir.

Óviðunandi að matartími verði ekki fyrr en kl.13 næsta vetur. Erfitt er að halda athygli nemenda í síðasta tíma fyrir mat. Stundatafla verður að taka mið af þörfum nemenda.

Tölvumál hafa verið tefjandi í kennslu og reynt á þolinmæði starfsmanna og nemenda.

Samræma þarf próftíma á stigum til að mynda meiri heildarbrag á skólann og vegna samstarfs við tónlistarkólann.

Stuðningsfulltrúar þurfa að hafa fastan undirbúningstíma með umsjónarkennara.

Ánægja hjá kennurum með kynjaskiptingu í íþróttum og stærð hópanna, en það er spurning hvort það gangi upp í öðrum tímum.

Nauðsynlegt er að hafa áfram ítarlega skilafundi þegar nemendur færast á milli stiga.

Í öllu skipulagi fyrir næsta vetur verður tekið tillit til ofangreindra umræðna og reynt verður að lagfæra það sem betur má fara.

## **Að lokum**

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta, því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Skýrsluhöfundar telja sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um allt skólastarfið á skólaárinu 2011 – 2012 og kannað það frá ýmsum sjónarhornum. Að auki var gerð áætlun í sjálfsmati fyrir næsta skólaár, þ.e. 2012 – 2013. Sjálfsmatsnefndinni telst til að flest allir þættir skólastarfsins séu metnir á eins til þriggja ára fresti, matið er kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu á núverandi skólaári. Skýrslan verður kynnt fyrir bæði fræðslunefnd og skólaráði og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunnögn sem hún byggir á eru í vörslu skólastjóra.

Hvolsvelli í maí 2012

F.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Gyða Björgvinsdóttir,  
formaður nefndarinnar.